

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 4. tbl. 6. árg. 16. febrúar 2012

Myndir augnabliksins eru frá heimsókn elsta ágangs Pálmholts í Lundarskóla þar sem börnin skoðuðu m.a. skólafur 1. þekkinga.



Skemmtileg vika framundan.

Í næstu viku eru Bollu-, Sprengi- og Öskudagur. Ennþá eru einhverjir sem halda í gamla siði og gera bollu-vendi. Minjasafnið á Akureyri hefur staðið fyrir bolluvandagerð og á laugardaginn 18. febrúar gefst kostur á að heimsækja Minjasafnið og gera bollu-vendi undir leiðsögn Stoðvina Minjasafnsins. Sprengidagurinn rennur svo upp með saltkjöti og baunum og borða menn þangað til þeir standa á blístri. Öskudagurinn er svo án efa sá dagur sem börnin bíða með óþreyju en þá fá þau að ganga um bæinn og syngja fyrir góðgæti. Á leikskólum bæjarins er einnig heimikið um að vera þennan dag og fá börnin yfirleitt að koma í búningum, þar er einnig sungið og leikið en minna um góðgætið. Á vef Námsgagnastofnunar má sjá ýmsan fróðleik um þessa daga sem vert er að kynna sér. Sjá nánar á:

<http://www.nams.is/i-dagsins-onn/pistill/?NewsID=2205217a-fa13-4012-89d2-eb2510d3eeb3>

Á myndunum má sjá börnin á leikskólanum Flúðum á söngsal á dögnum þar sem sungin voru m.a. lög tengd Öskudeginum.



Krakkaskák.is

Nýr vefur fyrir börn og unglunga sem vilja kynnast skáklístinum og vilja mennta sig í henni. Á vefnum er margt annað en skák, t.d. litabók með taflmönnum, teiknimyndakeppni, kennslumyndbönd í skák og fleira skemmtilegt. Einnig er hægt að skrá sig í krakkaskáklið og tefla við önnur börn á vefnum. Aðgangur að vefnum er ókeypis en hann er rekinn með styrkjum og frjálsum framlögum. Þeir sem standa að kennslunni eru Siguríngur Sigurjónsson og Henrik Danielsen stórmeistarar í skák. Á vefnum verða haldin skákmót og eins er alltaf teiknimyndakeppni í hverjum mánuði sem fyrir eru veitt góð verðlaun. Sjá: <http://www.krakkaskak.is/>

Námskeið hjá fjölskyldudeild.

Snillinganámskeið fjölskyldudeildar.

Snillinganámskeið er þjálfun í samskiptum, tilfinningastjórn og athygli barna með ADHD. Fjölskyldudeild Akureyrarbæjar býður börnum með ADHD að taka þátt í námskeiði til að efla færni á ýmsum sviðum. Námskeiðið er fyrir börn fædd árið 2002 og 2003 og eru 6 börn í hverjum hóp. Áhersla er lögð á að auka færni barna í félagslegum samskiptum, skapstillingu, sjálfstjórn og að bæta athyglisgetu þeirra. Hópurinn hittist tvisvar í viku 2 tíma í senn í 5 vikur (10 skipti alls) með tveimur þjálfurum. Þjálfarar á námskeiðinu verða Tryggvi Ingason og Helga Vilhjálmsdóttir sálfræðingar við Sérfræðipjónustu skóla á fjölskyldudeild. Námskeiðið verður 28. febrúar – 29. mars 2012 á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 16:15 -18:15, 10 skipti alls. Umsóknarfrestur er til 16. febrúar. Nánari upplýsingar hjá Tryggva Ingasyni eða Helgu Vilhjálmsdóttur í síma 460-1420 eða í tölvupósti á tryggvi@akureyri.is og helgav@akureyri.is.

Námskeið fyrir foreldra barna með ofvirkni og/eða athyglisbrest.

PMT foreldrafærni námskeið (Parent Management Training) hefst í mars nk. Meginmarkmið námskeiðsins er að kenna raunprófaðar og hagnýtar uppeldisaðferðir sem stuðla að jákvæðri hegðun barns og draga úr hegðunarvanda. Um er að ræða átta vikna námskeið fyrir foreldrahópa, einu sinni í viku. Námskeiðið fékk styrk frá velferðarráðuneytinu til að efla stuðnings- og nærþjónustu við börn með ADHD greiningu. Sótt er um á tilvísanaeyðublöðum skólategymis fjölskyldudeildar.

Nánari upplýsingar gefur Þuríður á skóladeild Akureyrarbæjar í síma 460-1417 eða í tölvupósti: thuridur@akureyri.is

Skóla-akur er vefþingur sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8 - 13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Skólastefna Akureyrarbæjar.

Áherslur úr skólastefnu Akureyrarbæjar. Það er alltaf gott að rifja upp.

Viðmið um gæði

Markmið: Nemendur séu meðvitaðir og virkir þátttakendur í skipulagi eigin náms.

Í góðum skóla...

- er áhersla lögð á að kennarar kynni nemendum þau markmið aðalnámskrár sem liggja til grundvallar náminu.
- gera nemendur sínar eigin námsáætlanir.
- er skipulega unnið með sjálfsmat nemenda til að auka ábyrgð þeirra í eigin námi.
- eiga nemendur kost á námsráðgjöf.
- læra nemendur að skipuleggja vel tíma sinn og vinnu.

Stóra upplestrarkeppnin.

Undankeppnir stóru upplestrarkeppninnar fara nú fram í skólum Akureyrar. Nemendur í 7. bekk taka þátt og fá þannig þjálfun í framsetningu texta og ljóða. Að lokum eru efnilegustu nemendurnir valdir og fara þeir áfram í keppnina. Keppnin hefst ár hvert á degi íslenskrar tungu 16.

nóvember og lýkur í mars með því að valdir eru þrír bestu upplestarar í hverju byggðarlagi eða í umdæmi hverrar skólaskrifstofu.

Aðalkeppnin fer fram þann 7. mars í Menntaskólanum á Akureyri. Keppnin er haldin að frumkvæði áhugafólks um íslenskt mál í samvinnu við skólaskrifstofur, skóla og kennara.

Hér má sjá myndir frá undankeppni í Gleráskóla.



Nýtt efni frá Námsgagnastofnun.

Mér er í mun ... – Kennsluleiðbeiningar eftir Önnu Steinunni Valdimarsdóttur og Ingibjörgu Sigtryggisdóttur með bókinni *Mér er í mun* sem er sýnisbók íslenskra bókmennta. Í bókinni er stiklað á stóru í íslenski bókmenntasögu, dæmi eru tekin, þjóðþekkt skáld eru kynnt en jafnframt eru verk yngri höfunda skoðuð.

Stíka – Vefborg en þar eru verkefni til útprentunar með bókunum *Stíka 1a* og *Stíka 1b* sem eru kennslubækur í stærðfræði fyrir miðstig grunnskóla. Sjá nánar á <http://vefir.nams.is/stika/index.html>

Sögueyjan 3. hefti 1900–2010 eftir Leif Reynisson. Þetta er þriðja og síðasta bókin í bókaflöknum *Sögueyjan* sem Námsgagnastofnun gefur út. Ritróðin spannar Íslandssöguna frá landnámi til okkar tíma. Meginmarkmið bókarinnar er að varpa ljósi á íslenskt samfélag frá aldamótum 1900 till okkar tíma. Annars vegar er gerð grein fyrir þróun íslensks samfélags í réttir tímaröð. Hins vegar eru tilteknir þættir samfélagsins teknir fyrir og þeir útskýrðir.

Sögueyjan 3. hefti 1900 – 2010 Kennsluleiðbeiningar eftir Leif Reynisson. Kennsluleiðbeiningar og verkefni til útprentunar. Kennsluleiðbeiningarnar skiptast í tvo meginþætti – annars vegar almennar upplýsingar undir liðnum „Til kennara“ og hins vegar leiðarvísi fyrir einstaka kafla námsbókarinnar. Þær hafa það hlutverk að varpa ljósi á meginþætti námsbókarinnar og benda á leiðir til að nýta hana til kennslu og náms.

Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Námsgagnastofnunar <http://nams.is/>

Úr fundargerð Samtaka, Svæðisráðs foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrar.

Fundurinn var haldinn 10. janúar 2012. Farið var yfir beiðni frá skólanefnd þar sem óskað er eftir umsögn um verklagsreglur varðandi auglýsingar í leik- og grunnskólum bæjarins. Fyrir liggja núgildandi verklagsreglur um auglýsingar í leik-, grunn- og tónlistarskólum í Akureyrarbæ frá 15. ágúst 2005. Fulltrúar Samtaka styðja gildandi reglur og leggja áherslu á skýlaust bann við hverskonar auglýsingum á neysluvörum eða þjónustu í leik- og grunnskólum bæjarins. Skýrt er kveðið á um það í núgildandi lögum. Hvað varðar menningartengda viðburði hvers konar þarf það að vera á ábyrgð skólastjórnenda hvort heimila skuli slíkar auglýsingar innan veggja skólanna og ættu þeir að vera fullfærir um að taka ákvarðanir um slíkt. Greint frá viðbrögðum lögreglunnar varðandi fyrirspurn um þátttöku hennar í forvarnarstarfi innan grunnskólanna. Lögreglan getur einfaldlega ekki sinnt því vegna niðurskurðar og manneklu.

Ýmis önnur mál voru rædd á fundinum og má nálgast fundargerðina á vef Samtaka: <http://samtaka.net/>

Hugurinn ræður hálfum sigri - framþróun og fagmennska.

Vorráðstefna um menntavísindi haldin á Akureyri 28. apríl 2012 á vegum miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri.

Aðalfyrirlesari er Leonids Kyriakides dósent við Háskólann á Kýpur.

Ráðstefnan er ætluð kennurum, stjórnendum í skólum og öðrum áhugasömum aðilum um nám og kennslu. Allar nánari upplýsingar má sjá á vef miðstöðvar skólaþróunar: <http://www.unak.is/skolathrounarsvid/page/radstefnur>